

## Svar

**umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn  
frá Birni Leví Gunnarssyni um lagalega ráðgjöf.**

1. *Hvaða viðmið eru viðhofð þegar ráðuneytið leitar eftir ráðgjöf til stofnana eða starfsmanna, þ.m.t. félaga í eigu starfsmanna, lagadeilda Háskólangs á Akureyri (HA), Háskóla Íslands (HÍ), Háskólangs í Reykjavík (HR) og Háskólangs á Bifröst (Bifröst) sem gegna stöðu nýdoktora, háskólakennara, lektora, dósenta eða prófessora í fullu starfi og hlutastarfí, þ.m.t. starfsmenn í gesta- og rannsóknarstöðum?*  
Sjaldgæft er að ráðuneytið leiti eftir slíkri lagalegrí ráðgjöf og eru engin tiltekin viðmið til varðandi slíka ráðgjöf.

2. *Vegna hvers konar verkefna er leitað lagalegrar ráðgjafar hjá starfsmönnum og stofnunum lagadeilda háskólanna og hversu oft vegna hverrar tegundar verkefna?*

Beiðni um lagalega ráðgjöf getur t.d. tengst frumvarpa- eða reglugerðarvinnu og einnig alþjóðlegum skuldbindingum. Leitað er til aðila sem búa yfir sérfræðiþekkingu á viðkomandi sviði. Sjaldgæft er að leitað sé eftir slíkri ráðgjöf.

3. *Hversu mörg ráðgjafarverkefni, sem 1. tölul. lýtur að, hafa verið innt af hendi frá árinu 2018 og hversu mikið hefur verið greitt samtals fyrir ráðgjöfina á umræddu tímabili?*
4. *Hversu mikið hefur verið greitt fyrir verkefni sem vikið er að í 1. tölul. frá ársbyrjun 2018 og hversu mörg hafa verið innt af hendi af annars vegar starfsmönnum og hins vegar stofnunum:
  - a. lagadeildar HA,
  - b. lagadeildar HÍ,
  - c. lagadeildar HR,
  - d. lagadeildar Bifrastar?*

Ráðuneytið hefur ekki leitað eftir slíkri ráðgjöf frá árinu 2018.

5. *Hvaða bókaútgáfu á sviði lögfræði hefur ráðuneytið styrkt frá árinu 2018 og hversu hárhafur styrkurinn verið fyrir hverja og eina útgáfu? Hvaða viðmið eru lögð til grundvallar við slíkar styrkveitingar?*

Ráðuneytið hefur ekki styrkt bókaútgáfu á sviði lögfræði á þessu tímabili. Tilgangurinn með kaupum á bókum og tímaritum á sviði lögfræði er almennt sá að styrkja og styðja við lögfræðilega vinnu í ráðuneytinu en ekki styrkja bókaútgáfu eða útgáfu rita. Hið sama á við um ritgerðir sem ráðuneytið kaupir frá laganemum.